



Lög Körfuknattleikssambands Íslands

[...]

17. gr. – Skipulag stjórnar KKÍ

Stjórn KKÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum. Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.

Stjórnin skiptir með sér verkum að tillögu formanns. Skipa skal fyrsta og annan varaformann úr hópi stjórnarmanna, ásamt gjaldkera. Formaður KKÍ boðar stjórnarfundi og annast fundarstjórn. Fundir stjórnar KKÍ skulu haldnir eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Óski minnst þrjár stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en sjö dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ skulu tilkynna það til kjörnefndar KKÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir Körfuknattleiksþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal kjörnefnd hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.

~~Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.~~

Stjórn KKÍ skal ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri má ekki jafnframt sitja í stjórn sambandsins.

Stjórn félags er ekki heimilt að reikna sér, endurskoðendum, skoðunarmönnum, trúnaðarmönnum úr hópi félagsmanna, framkvæmdastjórum eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf hærra endurgjald fyrir störf hjá félaginu en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna.

Reikningsár KKÍ skal vera almanaksárið.

20. gr. – Formaður KKÍ

Formaður KKÍ er, ásamt framkvæmdastjóra, málsvari sambandsins og ber ásamt stjórn ábyrgð á framkvæmd stefnumála, stefnumótunar og samþykkt ársþings. Formaðurinn skal kappkosta að ávallt séu sem best tengsl og samstarf milli sambandsins og aðildarféлага.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Formaður KKÍ annast samskipti við körfuknattleikssambönd annarra ríkja og álfusambönd. Hann kemur fram fyrir hönd KKÍ á alþjóðavettvangi og gagnvart FIBA.

Formaður KKÍ ber ábyrgð á samskiptum sambandsins við ríki, sveitarfélög, önnur sérsambönd og ÍSÍ.

Formaður KKÍ fær greitt fyrir störf sín og eru kjör ákveðin og samþykkt af stjórn KKÍ.

21. grein – Framkvæmdastjóri KKÍ

~~Stjórn KKÍ er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem er, ásamt formanni, málsvari sambandsins. Skal hann annast daglegan rekstur sambandsins og framfylgja stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir sambandið og er yfirmaður starfsmanna sem ráðnir eru til sambandsins.~~

~~Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn.~~

~~Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, sbr. 18. gr. Allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KKÍ skulu samþykktar af stjórn.~~

~~Framkvæmdastjóri KKÍ getur vísað brotum aðila á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ.~~

~~Ef ekki er framkvæmdastjóri starfandi hjá KKÍ skal formaður KKÍ sinna verkum framkvæmdastjóra í samræmi við framangreint.~~

~~Framkvæmdastjóri KKÍ fær greitt fyrir störf sín og eru kjör ákveðin og samþykkt af stjórn KKÍ.~~

Framkvæmdastjóri KKÍ er ráðinn af stjórn samkvæmt ráðningarsamningi með viðeigandi starfslýsingu. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sambandsins og að framfylgja stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir sambandið og ræður starfsfólk, ber ábyrgð á starfslýsingum þeirra og er yfirmaður þeirra sem ráðnir eru til sambandsins.

Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



heimild frá stjórn. Allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KKÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

Framkvæmdastjóri KKÍ getur vísað brotum aðila á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ.

Greinargerð:

Rökstuðningur: Mikilvægt er að starfshættir og verklag KKÍ standist kröfur um góða stjórnarhætti. Í því felst meðal annars að hlutverk, hlutverkaskipting og ábyrgð stjórnenda sé skýr og þannig úr garði gerð að það auðveldi viðkomandi að rækja störf sín og um leið efla sambandið og stuðla að jákvæðri þróun greinarinnar.

Mikilvægt er að skýr greinarmunur sé á starfi stjórnar og starfsfólks. Stjórn skal hafa tækifæri til að sinna stefnumarkandi hlutverki sínu sem og eftirliti með starfi og starfsháttum starfsfólks. Ef skýr skil eru ekki milli stjórnar og starfsfólks er hættu á að misbrestur verði á því. Lykilatriði í því er að formaður stjórnar KKÍ og framkvæmdastjóri KKÍ séu aðskilin hlutverk, sinnt hvort af sínum einstaklingum. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sambandsins og skal hlíta stefnu og fyrimælum stjórnar. Aðgreining milli stjórnar og starfsfólks, sérstaklega framkvæmdastjóra, skiptir því miklu máli.

*F.h. kkd. Stjórnunnar
Hilmar Júlíusson
Björgvin Ingi Ólafsson*

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

14. grein

FLOKKASKIPTING OG ALDUR LEIKMANNA

Aldur leikmanns miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót er honum heimilt að leika með ungmennaflokki út tímabilið en flutningur milli flokka skal fara fram 1. júlí ár hvert.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber, nema annað sé tiltekið sérstaklega í reglugerð. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ.
[...]

Greinargerð:

Forsagan að þessari tillögu er löng en það var fyrst árið 2017 sem ÍR óskaði eftir að fá að skrá öflugt stúlknalið í minnibolta 10 ára drengja. Á þingi 2019 var tillögunni vísað frá og ekki rædd. Á þingi 2021 var tillögunni hafnað þrátt fyrir að allir þeir sem tóku til máls væru fylgjandi tillögunni.

Það er áhugavert að stúlknaliði hafi verið meinuð þátttaka tímabilið 2017-2018 og svo aftur 2018-2019 þrátt fyrir að lengi hafi það viðgengist að kynjablönduð lið kepptu á

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



drengjamótum KKÍ án viðurlaga eða annarra athugasemda. Við teljum tímabært að lögleiða kynjablöndun í yngstu flokkum.

Óumdeilt er að að jafnaði eru bestu drengjaliðin betri en bestu stúlknaliðin í sama aldursflokki. Það gerist reglulega stúlknamegin að eitt lið hreinlega valti yfir önnur lið. Augljóst er að það er ekki gott fyrir leikinn né leikmenn. Sem lausn við því hefur bent á að þessi lið geti keppt við eldri stelpur. Hins vegar er ávinningur af því ekki endilega sá sami og að fá að keppa við drengi á sama aldri með svipaða líkamlega burði. Okkar reynsla hefur t.d. verið að stærri stelpur pakka inn í teig og þína yngri stelpur í að taka skot á meðan að drengir á sama aldri pressa allan völinn.

Að okkar mati mætti tillagan vera enn róttækari varðandi bikarkeppnir, þátttöku í úrslitum og inngrip mótanefndar. Hins vegar teljum við að eins og hún er sett fram núna sé stigið mjög varfærið skref í átt að breytingum sem flest ættu að geta sætt sig við, enda augljóst að ekkert í tillögunni getur skaðað nokkurn mann né hlut. Tillagan gefur mótanefnd einungis heimild til að nota fleiri leiðir en að keppa upp fyrir sig til að veita ungum iðkendum keppni við hæfi á mótum KKÍ. Augljóst er að eins og tillagan er skrifuð að mótanefnd hefur heimild til að setja sér vinnureglur varðandi leikheimildir fyrir kynjablönduð lið eða lið skipuð eingöngu leikmönnum af öðru kyni.

Það er eindregin ósk okkar að þau sem eru á móti tillögunni taki til máls á þinginu svo mögulegt sé að ræða málið af fyllstu alvöru.

F.h. Aþenu, Leiknis og UMFK

Jóhanna Jakobsdóttir, formaður Aþenu

Brynjar Karl Sigurðsson, formaður KKD Leiknis

Björgvin Þorsteinsson, formaður UMFK

Umsögn mótanefndar

Mótanefnd bendir á að verði tillagan samþykkt óbreytt, þá geti drengjalið óskað eftir því að fá að spila í stúlknaflökkum og stúlknalið í drengjaflokkum. Mótanefnd bendir á að það hafi tíðkast um langt skeið að stúlkur leiki með drengjum í blönduðum liðum í drengjaflokkum.

Bent er á að skv. 2. gr. reglugerðar um mótanefnd þá er það ekki eitt af hlutverkum mótanefndar að stýra því hvernig félög manna sín lið. Sú ábyrgð liggur skv. gr. 8.5. reglugerðar um körfuknattleiksmót hjá viðkomandi félagi. Undanþáguákvæði sem mótanefnd þarf að skera úr um á því ekki heima hér.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

19. grein

1. DEILD KARLA

~~Deildin skal skipuð 10 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.~~

Deildin skal skipuð 10 liðum þar sem leikin er tvöföld umferð. Hvert lið leikur innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Verði þátttökulið færri en 10 er heimilt að leika þrefalda umferð, þar sem þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.

[...]

Greinargerð:

Undirritaðir eru sammála um að leikjafjöldi í þriggja umferða 10 liða deild sé of mikill. Kemur þar einkum tvennt til:

Í fyrsta lagi er kostnaður við þriggja umferða deild of mikill. Flest félögin eru lítil og með takmarkaðan mannafla og þurfa að hafa mikið fyrir því að kljúfa þann viðbótar ferða- og dómarakostnað sem fylgir þriðju umferðinni, og vildu gjarnan nýta þá fjármuni til annarra og mikilvægari þátta við uppbyggingu innviða félaganna.

Í öðru lagi er stór hluti af leikmannahópum félaga í 1. deild karla á ungmenna- og drengjaflokksaldri, og jafnvel enn yngri. Leikjaálag á þessa leikmenn er of mikið með öllum leikjum í sínum aldursflokki og 27 leikjum í 1. deild að auki. Við bætist að vinna við tilfærslur leikja í svo þéttri leikjadagskrá er óheyrileg, bæði fyrir skrifstofu KKÍ og forsvarsmenn félaganna, sem gjarnan vildu nýta tímann í önnur, þarfari verk.

Gylfi Þorkelsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Kristinn Ólafsson, Hamri

Hjördís Pálsdóttir, Snæfelli

Hjálmar Pálsson, Þór Ak.

Birgir Guðfinnsson, Fjölni

Sigríður Bjarnadóttir, Skallagrími

Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna

Karl Guðlaugsson, Ármanni

Neil Shiran Þórisson, Vestra

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Birkir Alfons Rúnarsson, Þrótti Vogum
Fannar Freyr Helgason, ÍA

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd vill benda á að þessi tillaga styttr keppnistímabil 1. deildar karla umtalsvert. Þannig myndi 1. deild karla hefjast 6. október og deildarkeppni ljúka 16. febrúar. Þannig myndi deildarkeppnin standa yfir í 134 daga. Mótanefnd telur nauðsynlegt að koma þessu á framfæri svo öllum sé ljóst hvað tillagan felur í sér. Jafnframt er mikilvægt að það komi fram að þessi breyting lækkar dómarakostnað um ca. 300.000 kr.

Mótanefnd bendir á að eftirfarandi textabreyting er ónauðsynleg: Verði þátttökulið færri en 10 er heimilt að leika þrefalda umferð, þar sem þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin, þar sem þetta er eitt af hlutverkum mótanefndar skv. 2. gr. reglugerðar um mótanefnd.

október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars			
1.d.kk.	1.d.kk.	1.d.kk.	1.d.kk.	1.d.kk.	1.d.kk.			
1 sun	1 mið	1 fös	9. umf	1 mán	1 fim	1 fös	ÚK 44	
2 mán	2 fim	2 lau		2 þri	2 fös	16. umf	2 lau	
3 þri	3 fös	5. umf	3 sun	3 mið	3 lau		3 sun	ÚK 45
4 mið	4 lau		4 mán	4 fim	4 sun		4 mán	
5 fim	5 sun		5 þri	5 fös	12. umf	5 mán	5 þri	
6 fös	1. umf	6 mán	6 mið	6 lau		6 þri	6 mið	ÚK 21
7 lau	7 þri	7 fim		7 sun	7 mið	7 fim	7 mán	
8 sun	8 mið	8 fös	10. umf	8 mán	8 fim	8 fös	8 mán	
9 mán	9 fim	9 lau	BIKA R	9 þri	9 fös	17. umf	9 lau	ÚK 22
10 þri	10 fös	6. umf	10 sun	10 mið	10 lau		10 sun	
11 mið	11 lau	11 mán		11 fim	11 sun	11 mán	11 mán	
12 fim	12 sun	12 þri		12 fös	13. umf	12 mán	12 þri	ÚK 23
13 fös	2. umf	13 mán	13 mið	13 lau	13 þri	13 mið	13 mið	
14 lau	14 þri	14 fim		14 sun	14 mið	14 fim	14 fim	
15 sun	15 mið	15 fös	11. umf	15 mán	15 fim	15 fös	15 fös	ÚK 24
16 mán	16 fim	16 lau		16 þri	16 fös	18. umf	16 lau	
17 þri	17 fös	7. umf	17 sun	17 mið	17 lau		17 sun	ÚK 25
18 mið	18 lau	18 mán		18 fim	18 sun	18 mán	18 mán	
19 fim	19 sun	19 þri		19 fös	14. umf	19 mán	19 þri	
20 fös	3. umf	20 mán	20 mið	20 lau	BIKA R	20 þri	ÚK 41	20 mið
21 lau	BIKA R	21 þri	21 fim	21 sun		21 mið	21 fim	
22 sun		22 mið	22 fös	JÓLA FRÍ	22 mán	22 fim	22 fös	
23 mán		23 fim	23 lau		23 þri	23 fös	ÚK 42	23 lau
24 þri		24 fös	8. umf	24 sun	24 mið	24 lau	24 sun	BIKARÚRSLIT
25 mið		25 lau		25 mán	25 fim	25 sun	25 mán	
26 fim		26 sun	26 þri		26 fös	15. umf	26 mán	ÚK 43
27 fös	4. umf	27 mán	27 mið		27 lau	27 þri	27 mið	
28 lau		28 þri	28 fim		28 sun	28 mið	28 fim	
29 sun		29 mið	29 fös		29 mán	29 fim	29 fös	
30 mán		30 fim	30 lau		30 þri		30 lau	
31 þri		31 sun		31 mið			31 sun	

- Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
 Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

19. grein

1. DEILD KARLA

~~Deildin skal skipuð 10 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.~~

Deildin skal skipuð 12 liðum þar sem leikin er tvöföld umferð. Hvert lið leikur innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna.

[...]

Greinargerð:

Undirritaðir eru sammála um að leikjafjöldi í þriggja umferða 10 liða deild sé of mikill. Kemur þar einkum tvennt til:

Í fyrsta lagi er kostnaður við þriggja umferða deild of mikill. Flest félögin eru lítil og með takmarkaðan mannafla og þurfa að hafa mikið fyrir því að kljúfa þann viðbótar ferða- og dómarakostnað sem fylgir þriðju umferðinni, og vildu gjarnan nýta þá fjármuni til annarra og mikilvægari þátta við uppbyggingu innviða félaganna.

Í öðru lagi er stór hluti af leikmannahópum félaga í 1. deild karla á ungmenna- og drengjaflokksaldri, og jafnvel enn yngri. Leikjaálag á þessa leikmenn er of mikið með öllum leikjum í sínum aldursflokki og 27 leikjum í 1. deild að auki. 12 liða deild með 22 leikjum er mun skaplegri. Við bætist að vinna við tilfærslur leikja í svo þéttri leikjadagskrá er óheyrileg, bæði fyrir skrifstofu KKÍ og forsvarsmenn félaganna, sem gjarnan vildu nýta tímann í önnur, þarfari verk.

Gylfi Þorkelsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Kristinn Ólafsson, Hamri

Hjördís Pálsdóttir, Snæfelli

Hjálmar Pálsson, Þór Ak.

Birgir Guðfinnsson, Fjölni

Sigríður Bjarnadóttir, Skallagrími

Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Karl Guðlaugsson, Ármanni
Neil Shiran Þórisson, Vestra
Birkir Alfons Rúnarsson, Þrótti Vogum
Fannar Freyr Helgason, ÍA

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd bendir á að síðustu tvö tímabil hafa lið sem hafa átt sæti í deildinni dregið sig út og nefndin hefur því þurft að leitast við að fylla deildina með liði sem átti ekki sæti í deildinni. Það er jafnframt mikilvægt að benda á það að tímabilin 14-15 (8 lið), 16-17 (9), 17-18 (9), 18-19 (8), 19-20 (9) og 20-21 (9) var deildin ekki fullskipuð.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 5

Þingsályktun - leyfiskerfi

Körfuknattleiksþing 2023 beinir því til stjórnar KKÍ að hefja vinnu á leyfiskerfi fyrir úrvalsdeild karla og úrvalsdeild kvenna. Drög að leyfiskerfi skal kynna á formannafundi í janúar 2024 með það fyrir augum að leyfiskerfið taki gildi keppnistímabilið 2024-2025.

Greinargerð:

Stjórn KKÍ telur þarft að samræma og skýra upp með hvaða hætti körfubolti skal spilaður á efsta stigi. Leyfiskerfi þekkist bæði í deildum hjá þeim þjóðum sem við horfum hvað mest til, ásamt þess sem nokkur önnur sérsambönd innan ÍSÍ hafa mótað sín leyfiskerfi með góðum árangri. Leyfiskerfinu er ætlað að auðvelda sjálfboðaliðum að skilja þær kröfur sem settar eru á og samræma framkvæmd leikja eins vel og unnt er. Þannig verður sjálfboðaliðum, starfsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og dómurum gert enn frekar kleift að einbeita sér að sinna sínum störfum af kostgæfni.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 6

Þingsályktun - framtíðarsýn

Körfuknattleiksping 2023 beinir því til stjórnar KKÍ að móta nýja framtíðarsýn fyrir Körfuknattleikssamband Íslands. Framtíðarsýnin skal ná til allra þátta í starfsemi KKÍ og taka mið af viðmiðum og kröfum FIBA og ÍSÍ. Vinnu við framtíðarsýnina skal kynna á formannafundi í janúar 2024 og stefnt er að því að henni verði lokið í september 2024.

Greinargerð:

Stjórn KKÍ telur nauðsynlegt að hefja vinnu við endurskoðun framtíðarsýnar fyrir körfuboltann á Íslandi. Nauðsynlegt er að framtíðarsýnin nái til allra þátta í starfi KKÍ og verði leiðarljós sambandsins til framtíðar, körfuboltanum til heilla.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 7

Reglugerð um körfuknattleiksmót

15. grein

Núverandi grein falli á brott. Í staðinn komi eftirfarandi texti.

Í öllum deildum meistaraflokka karla og kvenna gildir að á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis. Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og í öllum deildum.

Erlendur ríkisborgari utan EES ríkis sem hefur búið á Íslandi samfelld í þrjú ár eða meira telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ þar um. Staðfestingu KKÍ þarf til þess að leikmaður teljist með íslenskum/EES ríkisborgurum. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður utan EES ríkis telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í móti á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mót/leikir á vegum KKÍ), nema að fenginni undanþágu stjórnar KKÍ.

Brjóti félag gegn grein þessari telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinargerð:

Í því fjölmeningarsamfélagi sem við búum í er opnun á bosman A ákveðin einföldun. Þja ára reglan væri þá fyrst og síðast fyrir erlenda ríkisborgara utan EES ríkis, og dæmi þess efnis eru leikmenn eins og Everage Richardson, Cedric Bowen, Shanna Dacanay, Isiaiah Cotton og Nemanja Knezevic sem hafa búið hér á landi í lengri tíma, og eiga jafnvel íslenskan maka (og börn). Mörg félög á landsbyggðinni hafa mikla þörf fyrir bosman A leikmenn og ættu hreinlega erfitt uppdráttar með að manna lið án þeirra. Sindri á Höfn hefur verið með topplið í 1.deild undanfarin ár, sem hefur skilað þeim sífellt öflugra barna- og unglíngastarfi. Höttur hefur sem dæmi fjölgað iðkendum yngri flokka um rúm 40% á síðustu tveimur árum (úr 100 í 170) og árangur meistaraflokks hefur haft sitt að segja í þeirri vegferð. Snæfell kvennaliðið er með fjóra erlenda leikmenn. Sumhver félög á landsbyggðinni sem hafa verið að vinna að því að halda úti liði í mfl kvenna myndu eiga erfitt uppdráttar án þess að geta unnið með bosman leikmenn, sem margir hverjir hafa komið hingað til að vinna dagvinnu og fá jafnvel stóran hluta sinna tekna þar. Í stað boða og banna þurfa félög einfaldlega að sníða stakk eftir vexti og sýna ábyrgð í rekstri.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Umsögn stjórnar KKÍ

Vinnunefnd stjórnar hefur unnið að breytingum á þessari grein reglugerðar um körfuknattleiksmót frá hausti 2021. Nefndin hefur rætt við forsvarsmenn allra félaga í úrvals- og 1. deildum karla og kvenna og fengið þeirra afstöðu til þess sem greinin tiltekur. Fyrir þinginu liggur tillaga frá vinnunefnd stjórnar um þetta málefni, en hún tekur til meirihlutavilja aðildarfélaganna í þessu máli eftir ítarlega vinnu málsins.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

18. Grein

ÚRVALSDEILD KARLA

a) Deildarkeppni

~~Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum sem leika tvöfalda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.~~

Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum sem leika þrefalda umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

[...]

Greinargerð:

Með fjölgun leikja í úrvalsdeild aukast mínútur fyrir leikmenn. Í núverandi fyrirkomulagi hafa innbyrðis viðureignir mikil áhrif og lið geta t.a.m ekki komist hjá því að hugsa um lokatölur í leikjum í október og nóvember þar sem innbyrðis stigaskor getur haft mikil áhrif á lokaniðurröðun. Með þriðju umferðinni dettur sú regla út og þjálfarar hafa tækifæri á að finna frekari mínútur fyrir leikmenn sem eru annars ekki að koma mikið við sögu þegar liðin eru að elta innbyrðis úrslit. Að auki kallar þetta á að liðin eru að spila ca 1,5 leik á viku (ca annar hver sun/mán og svo fim/fös eins og vaninn er) sem er eitthvað í átt að leikjaálagi sem úrslitakeppnin býður upp á.

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Umsögn mótanefndar KKÍ

Við þessa tillögu er vert að athuga að helmingur liða í úrvalsdeild mun leika 16 heimaleiki og hinn helmingurinn 17. Þetta er því fjölgun um fjóra til fimm heimaleiki á lið. Verði tillaga þessi samþykkt mun mótanefnd leitast við að mótið þéttist eitthvað, í stað þess að lengja það sem neinu nemur. Drög að dagatali má sjá hér með umsögninni.

	október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl
	Úrvik	Úrvik	Úrvik	Úrvik	Úrvik	Úrvik	Úrvik
1 sun		1 mið	1 fös	1 mán	1 fim 23	1 fös	1 mán
2 mán		2 fim 6	2 lau	2 þri	2 fös	2 lau	2 þri
3 þri		3 fös	3 sun 12	3 mið	3 lau	3 sun 28	3 mið
4 mið		4 lau	4 mán	4 fim 17	4 sun 24	4 mán	4 fim 33
5 fim	1	5 sun 7	5 þri	5 fös	5 mán	5 þri	5 fös
6 fös		6 mán	6 mið	6 lau	6 þri	6 mið	6 lau
7 lau		7 þri	7 fim 13	7 sun	7 mið	7 fim 29	7 sun
8 sun		8 mið	8 fös	8 mán	8 fim 25	8 fös	8 mán
9 mán		9 fim 8	9 lau	VÍS bikar 16 liða	9 þri	9 fös	9 lau
10 þri		10 fös	10 sun	10 mið	10 lau	10 sun 30	10 mið
11 mið		11 lau	11 mán	11 fim 18	11 sun 26	11 mán	11 fim
12 fim	2	12 sun 10	12 þri	12 fös	12 mán	12 þri	12 fös
13 fös		13 mán	13 mið	13 lau	13 þri	13 mið	13 lau
14 lau		14 þri	14 fim 14	14 sun 19	14 mið	14 fim 31	14 sun
15 sun	3	15 mið	15 fös	15 mán	15 fim 27	15 fös	15 mán
16 mán		16 fim 11	16 lau	16 þri	16 fös	16 lau	16 þri
17 þri		17 fös	17 sun 15	17 mið	17 lau	17 sun	17 mið
18 mið		18 lau	18 mán	18 fim 20	18 sun	18 mán	18 fim
19 fim	4	19 sun	19 þri	19 fös	19 mán	19 þri	19 fös
20 fös		20 mán	20 mið	20 lau	VÍS bikar 8 liða	20 þri	20 mið
21 lau	VÍS bikar 32 liða	21 þri	21 fim	21 sun	21 mið	21 fim	21 sun
22 sun		22 mið	22 fös	22 mán	22 fim	22 fös	22 mán
23 mán		23 fim	23 lau	23 þri	23 fös	23 lau	23 þri
24 þri		24 fös	24 sun	24 mið	24 lau	24 sun	24 mið
25 mið		25 lau	25 mán	25 fim 21	25 sun	25 mán	25 fim
26 fim	5	26 sun	26 þri	26 fös	26 mán	26 þri	26 fös
27 fös		27 mán	27 mið	27 lau	27 þri	27 mið	27 lau
28 lau		28 þri	28 fim 16	28 sun 22	28 mið	28 fim 32	28 sun
29 sun		29 mið	29 fös 16	29 mán	29 fim	29 fös	29 mán
30 mán		30 fim	30 lau	30 þri		30 lau	30 þri
31 þri			31 sun	31 mið		31 sun	

- Vísað til:** Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 9

Reglugerð um körfuknattleiksmót

19. grein

1. DEILD KARLA

~~Deildin skal skipuð 10 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.~~

Deildin skal skipuð 12 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.

[...]

Greinargerð:

Við teljum að það sé deildinni til góða að fá fleiri leiki. Í dag eru 10 lið í 1.deild og hið minnsta þrjú lið sem hafa mikinn hug á að komast upp úr 2.deild og því aldrei verið betra tækifæri til að stækka deildina. Í núverandi fyrirkomulagi hafa innbyrðis viðureignir mikil áhrif og lið geta t.a.m ekki komist hjá því að hugsa um lokatölur í leikjum í október og nóvember þar sem innbyrðis stigaskor getur haft mikil áhrif á lokaniðurröðun. Með þriðju umferðinni dettur sú regla út og þjálfarar hafa tækifæri á að finna frekari mínútur fyrir leikmenn sem eru annars ekki að koma mikið við sögu þegar liðin eru að elta innbyrðis úrslit.

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd bendir á að fyrir þinginu liggja aðrar tillögur um fækkun leikja í 1. deild karla, ásamt þessari tillögu um fjölgun liða og leikja í 1. deild karla. Þessi tillaga myndi þýða þéttara leikjaplan, að hluta til sambærilegt því sem birtist með umsögn við þingskjal 8, þó þannig að hægt verði að leika í landsleikjahléum.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

46. grein

[...]

~~Innkoma, að frádregnum kostnaði vegna húsaleigu (hámark 16%) og vegna dómara, skal skiptast jafnt á milli leikaðila. Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf. Aðgöngumiðar á leiki í bikarkeppni skulu vera númeraðir.~~

Heimalið fær allar tekjur og ber allan kostnað við framkvæmd leiks að undanskildum ferðakostnaði. Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða hámarks ferðakostnað á einstökum liðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að fjögurra starfsmanna. Þetta á þó ekki við um undan- og úrslitaleiki bikarkeppni en framkvæmd þeirra leikja er í höndum KKÍ og ferðakostnaður liða í þeim umferðum skal greiðast að jöfnu af þátttökuliðum í viðkomandi umferð. Ef ágreiningur kemur upp um kostnaðarskiptingu og aðilar komast ekki að samkomulagi er hægt að vísa ágreiningnum til mótanefndar KKÍ sem úrskurðar í málinu. Niðurstaða mótanefndar er endanleg og er ekki hægt að skjóta þeirri niðurstöðu til dómstóla KKÍ.

[...]

Bikarkeppni yngri flokka

[...]

Dómarakostnaður í öllum bikarleikjum yngri flokka deilist jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum liðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða.

[...]

Greinargerð:

Hér horfum við til þess að jafna kostnað. Lið geta í dag verið heppin/óheppin með bikardrátt varðandi kostnað. Þessi jöfnun minnkar „höggið“ fyrir alla ef svo má segja. Þessi regla er notuð í knattspyrnu, handknattleik og blaki hér á landi.

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd gerir athugasemd við að hún verði gerð að úrskurðaraðila í málum sem tengjast ekki skilgreindu hlutverki nefndarinnar. Verkefni mótanefndar eru skilgreind í 2 .gr. reglugerðar um mótanefnd, og þetta verkefni er ekki þar á meðal. Eðlilegast er að framkvæmdastjóri KKÍ, stjórn KKÍ eða aga- og úrskurðarnefnd skeri úr um ágreining í svona málum, komi hann upp. Sömuleiðis er eðlilegt að framkvæmdastjóri KKÍ eða sambandið sem slíkt ákveði eða gefi upp hvað getur talist eðlilegur ferðakostnaður.

Sömuleiðis þarf að skoða hvernig skipta ætti kostnaði þegar félög ferðast innan þéttbýliskjarna, til dæmis þegar tvö félög innan höfuðborgarsvæðis mætast.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 11

Reglugerð um körfuknattleiksmót

Lagt er til að 37. grein um 11. flokk kvenna falli brott. Þannig yrði 38. grein að 37. grein o.s.frv. Jafnframt er lögð fram tillaga um breytingu á 36. grein.

36. grein

12. FLOKKUR KVENNA STÚLKNAFLOKKUR

- Aldur: 16, 17 og 18 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í ~~12.~~ stúlknaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félag eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félag eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félag sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri riðlum (deildum) skulu félag skiptast í riðla (deildir) sem hér segir: Árangur ~~12.~~ stúlknaflokks tímabilið á undan skal gilda 67% á móti árangri í ~~140.~~ flokki tímabilið á undan.

Hvert lið í ~~12.~~ stúlknaflokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Greinargerð:

Að skipta stúlknafllokki upp í tvennt hefur að okkar mati ekki haft jákvæð áhrif á umhverfi þessa aldursflokks hjá stúlkum. Færri lið kepptu samtals í þessum aldursflokki heldur en í stúlknafllokki tímabilið á undan og var eingöngu hægt að halda úti A deildum í báðum flokkum og þar af leiðandi svigrúm fyrir mismunandi getustig miklu minna. Við teljum að fyrra fyrirkomulag henti betur með breiðara aldursbili þar sem hægt er að bjóða upp á A og B deildir, a.m.k. á meðan leikmannafjöldi stúlkna á þessum aldri er ekki meiri en raun ber vitni.

F.h. kkd. ÍR

Ingvar Hrafn Þorsteinsson

Þorsteinn Ingi Garðarsson

Ísak Máni Wíum

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Umsögn mótanefndar KKÍ

Síðastliðið sumar skráðu 10 lið sig til leiks í 11. flokki stúlkna, en þegar leið að mótinu skráðu sex félög sig úr keppni, svo eftir sátu fjögur lið sem leika 10-11 leiki hvert. Ef það er borið saman við 11. flokk drengja, þá hafa 18 lið leikið fulla deildarkeppni í tveimur deildum þar í vetur. Heppilegt er því að sameina 11. flokk stúlkna við 12. flokk kvenna.

Vakin er athygli á því að í fyrrum stúlknaflokkur ákvarðaðist röðun liða út frá árangri stúlknaflökks tímabilið á undan, þannig að árangur 10. flokks réði engu um röðun liða. Það kom til vegna þess að flokkurinn er með breitt aldursbil, þ.e. telur þrjá árganga og réttast þótti að árangur þeirra tveggja árganga sem spiluðu í flokknum tímabilið á undan myndi ráða röðun liða. Sögulega væri það styrkleikaröðun sem hreyfingin þekkir. Sömuleiðis má benda á mótanefnd er með röðunarfund þegar skráningu er lokið, þar sem félög geta gert athugasemdir og komið með ábendingar varðandi röðun í deildir.

Mótanefnd telur ekki ástæðu til að breyta flokkaheitinu. Heppilegra er að gæta samræmis í flokkaheitum karla og kvenna og láta þennan flokk heita áfram 12. flokk kvenna. Þannig er nóg að breyta aldrinum, en aðrar breytingar eru að mati mótanefndar, óþarfar.

Einnig er bent á að gera þarf breytingu á 6. grein reglugerðarinnar sem snýr að þátttökutilkynningum og 14. grein er snýr að flokkaskiptingu til að fjarlægja 11. flokk stúlkna úr reglugerðinni.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 12

Reglugerð um körfuknattleiksmót

22. grein

ÚRVALSDEILD KVENNA

[...]

a) Deildarkeppni

~~Deildin skal skipuð 8 liðum, en önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal fjórföld umferð þar sem allir mæta öllum. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Liðið í efsta sæti að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabikar. Neðsta lið deildarinnar að lokinni deildarkeppni fellur í 1. deild og leikur þar á næstu leiktíð.~~

Deildin skal skipuð 10 liðum, en önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þegar leikin hefur verið tvöföld umferð skal skipta deildinni upp í A deild, sem er skipuð fimm efstu liðunum, og B deild sem er skipuð fimm neðstu liðunum. Innan hvorrar deildar skal leikin tvöföld umferð. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Liðið í efsta sæti A-deild að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabikar. Neðsta lið A deildar telst vera í 5. sæti úrvalsdeildar og efsta sæti B deildar telst vera í 6. sæti úrvalsdeildar. Neðsta lið B deildar að lokinni deildarkeppni fellur í 1. deild og leikur þar á næstu leiktíð. Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku sex efstu liða úrvalsdeildar. Jafnframt hefst úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild á komandi leiktíð, þar sem næst neðsta sæti B deildar fer í úrslitakeppni ásamt liðum í 2.-4. sæti í 1. deild.

[...]

Greinargerð:

F.h. kkd. Hamars

Halldór Karl Þórsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd vekur athygli á því að þessari breytingu fylgir aukin vinna fyrir þá sem koma að mótahaldi úrvalsdeildar kvenna. Þessi breyting þýðir að íþróttahús þeirra 10 félaga sem leika í úrvalsdeild kvenna verða tekin frá í öllum umferðum 19-26 af mótanefnd, til að tryggja að til séu leiktímar í íþróttahúsunum þegar kemur að því að skipta deildinni upp í A og B deild. Það verður þá á ábyrgð þeirra félaga sem eru í viðkomandi deild að gæta þess að þessir leiktímar séu fráteknir og lausir fyrir leiki þegar kemur að skiptingu í A og B deild.

Jafnframt þýðir breyting sem þessi að eftir sitja 6 félög í 1. deild kvenna, ef miðað er við skráninguna á þessu tímabili. Mikilvægt er að farið verði í mótvægisáðgerðir til að tryggja gæði þeirrar deildar.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

22. grein

ÚRVALSDEILD KVENNA

[...]

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara. Allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjórðungsúrslit:

1) Lið nr. 3 – Lið nr. 6

2) Lið nr. 4 – Lið nr. 5

Lið 1 og 2 fara beint áfram í undanúrslit. Leika skal fjórðungsúrslit 3 dögum eftir að deildarkeppni lýkur, síðan skal leika annan hvern dag. Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum.

Undanúrslit:

13) Lið nr. 1 – Lið nr. 4 Sigurvegari úr nr. 1

24) Lið nr. 2 – Lið nr. 3 Sigurvegari úr nr. 2

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:

75) Sigurvegari úr nr. 3 - Sigurvegari úr nr. 4

[...]

Greinargerð:

F.h. kkd. Hamars

Halldór Karl Þórsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Umsögn mótanefndar KKÍ

Það er ekki heppilegt að hendur mótanefndar séu bundnar með þeim hætti sem gert er, þar sem kveðið er á um að fjórðungsúrslit skuli hefjast 3 dögum eftir deildarkeppni. Við röðun úrslitakeppni þarf að taka mið af ýmsum þáttum, m.a. öðrum deildum og keppnum. Mótanefnd leggur til eftirfarandi breytingu á orðalagi tillögunnar:

Lið 1 og 2 fara beint áfram í undanúrslit. Leika skal fjórðungsúrslit ~~3 dögum~~ eins fljótt og unnt er eftir að deildarkeppni lýkur og eins þétt og verður við komið, ~~síðan skal leika annan hvern dag~~. Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 14

Reglugerð um körfuknattleiksmót

23. grein

1. DEILD KVENNA

[...]

Mótananevnd er heimilt að veita B-liðum þátttökurétt í 1. deild kvenna. B-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr býtum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Liðið í efsta sæti að lokinni deildarkeppni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabikar- ásamt því að færast beint upp í úrvalsdeild.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu A-liða deildarinnar.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara, en allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Undanúrslit:

- 1) Lið nr. 49 í úrvalsdeild – Lið nr. 4
- 2) Lið nr. 2 – Lið nr. 3

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit um sæti í úrvalsdeild:

- 3) Sigurvegari úr nr. 1 – Sigurvegari úr nr. 2

Liðin sem leika til úrslita um sæti í úrvalsdeild leika þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og hlýtur sigurvegarinn sæti í úrvalsdeild.

Ef fleiri en átta (8) A lið félaga taka þátt í 1. deild kvenna skal mótanefnd ákveða form úrslitakeppinnar.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Greinargerð:

*F.h. kkd. Hamars
Halldór Karl Þórsson*

Umsögn mótanefndar

Með úrslitakeppni sem þessari þarf að gæta sérstaklega að því að deildarkeppni úrvalsdeildar kvenna og 1. deildar kvenna séu að klárast á sama tíma, til að tryggja jafnræði milli þeirra liða sem mætast í úrslitakeppninni.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

35. grein

UNGMENNAFLOKKUR KVENNA

- Aldur: 19 og 20 ára.
- ~~Leiktími: 4 x 10 mínútur.~~
- ~~Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.~~

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Hverju liði er heimilt að tefla fram allt að þremur leikmönnum sem eru ~~23~~25 ára eða yngri, sem ekki eru meðal sjö mínútuhæstu leikmanna meistaraflokks karla. Aldur leikmanns miðast við áramót sbr. 14. grein.

Deildarkeppni

~~Í ungmennaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.~~

~~Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Hvert lið í ungmennaflokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.~~

a) Deildarkeppni

Í ungmennaflokki skal leikið í 1.deild kvenna. U-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild.

b) Úrslitakeppni

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag úrslitakeppni.

Greinargerð:

F.h. kkd. Hamars

Halldór Karl Þórsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Umsögn mótanefndar

Athuga þarf hvort eðlilegt sé að bæði ungmennaflokkslið og B lið meistaraflokka eigi erindi inn í 1. deild kvenna. Mögulegt er að til verði 2. deild kvenna sem verði nánast einungis deild ungmennaflokksliða. Einnig þarf að taka til að í 1. deild kvenna er jöfnunarsjóður dómarakostnaðar, sem myndi deilast niður á öll lið deildarinnar, líka ungmennaflokkslið.

Einnig þarf að athuga hvort regla með 7 mínútuhestu leikmenn A liðs félags ætti ekki að eiga við um ungmennaflokkslið, þar sem hér er verið að tala um að ungmennaflokkslið eru að keppa í meistaraflokki. Í því samhengi er bent á að ungmennaflokkur er skipulagður fyrir 19-20 ára fullorðna einstaklinga og með samþykki tillögunnar er verið að færa ungmennaflokk upp í keppni meistaraflokka.

Jafnframt þarf að skoða það hvernig eigi að nálgast það ef lið í 1. deild kvenna vilji skrá lið til keppni í ungmennaflokki.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 16

Tillaga þessi barst eftir að tillögufrestur rann út. Leita þarf afbrigða á Körfuknattleiksþingi til að taka tillöguna til umræðu og atkvæðagreiðslu. Til þess þarf 2/3 hluti þingheims að samþykkja að tillagan sé tekin fyrir.

Reglugerð um körfuknattleiksmót

25. grein

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

[...]

Í minnibolta 10 ára skulu leiknar fjórar umferðir á hverju tímabili.

Í minnibolta 11 ára, 7. og 8. og 9. flokki skulu leiknar fimm umferðir á hverju keppnistímabili.

[...]

Í 7. og 8. og 9. flokki ávinnur það félag sem flest stig hlýtur úr fjórum fyrstu umferðum A-riðils Íslandsmóts sér rétt til að halda fimmtu umferð Íslandsmóts á sínum heimavelli.

[...]

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta svo kallað 15.000 kr. úrslitakeppnisgjald af þeim félögum sem komast í úrslitakeppni í yngri flokkum (910. fl.-u.fl.). Þeim peningum skal varið til að gera umgjörð úrslitaleikjanna sem glæsilegasta.

[...]

30. grein

9. FLOKKUR DRENGJA

- Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Leikhlé: 2 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

~~Í 9. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.~~

~~Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 8. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau lið sem röðuðu sér efst að lokinni riðlakeppni í 8. flokki fara í 1. deild, önnur lið keppa í 2. deild, og ef með þarf 3. og 4. deild.~~

~~Hvert lið skal leika 18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða. [...]~~

39. grein

9. FLOKKUR STÚLKNA

- Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Leikhlé: 2 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

~~Í 9. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.~~

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 8. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau lið sem röðuðu sér efst að lokinni riðlakeppni í 8. flokki fara í 1. deild, önnur lið keppa í 2. deild, og ef með þarf 3. og 4. deild.

Hvert lið skal leika 18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Greinargerð:

Tillaga frá körfuknattleiksdeild Vestra um að 9. flokkur drengja og stúlkna leiki aftur á fjölliðamótum í stað leikja í deildarkeppni, heima og að heiman. Sú breyting sem gerð var á leikjafyrirkomulagi 9. flokks drengja og stúlkna að liðin hættu að leika á fjölliðamótum en fóru þess í stað að leika leiki heima og heiman hefur reynst erfið í framkvæmd af mörgum ástæðum. Sumar af þessum ástæðum ættu við fleiri aldursflokka en við viljum beina sjónum okkar að 9. flokki vegna ungs aldurs þeirra.

1. Fjölgun ferða eða ígildi fjölliðamóta

Fyrir mörg lið utan af landi þýðir leikjafyrirkomulagið heima og heiman annað hvort mikla fjölgun ferða á keppnistímabilinu eða þá að þau lið reyna að raða saman leikjum í hverri ferð og eru þá farin að spila eins og í fjölliðamóti. Það að landsbyggðalið endi á að spila í n.k. fjölliðamótum er ekki dæmi um það jafnræði sem á að vera innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

2. Mikið um frestanir á leikjum

Nokkuð mikið er um frestanir á leikjum, bæði vegna veðurs en líka vegna þess að ekki næst í lið eða það vantar fararstjóra. Þessar frestanir koma oft í ljós frekar seint og leikmenn eru því bundnir margar helgar yfir keppnistímabilið að óþörfu.

Flestir krakkar í 9. flokki elska íþróttina sína en þetta eru líka unglingar sem eiga sér fjölskyldu, vini og önnur áhugamál. Það er því ekki vænlegt til að auka áhuga þeirra á að vera meira og minna bundin allt keppnistímabilið m.t.t. allra frestana sem eru. Rannsóknir sýna að þau eru á þeim aldri sem brotthvarf verður hvað mest úr íþróttum og það er því okkar hlutverk sem körfuknattleikshreyfingar að sporna við því eins og hægt er.

3. Aukinn kostnaður iðkenda

Fjölgun ferða landsbyggðaliða hefur í för með sér aukinn kostnað, ekki bara beinan ferðakostnað heldur líka í gistikostnað. Eftir Covid hefur verið erfiðara

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



að komast að í ódýru húsnæði eins og skólum til að gista og því þurfa lið oftast að reiða sig á gistingu á gistiheimilum eða hótélum. Með fjölgun ferðamanna er alltaf að verða erfiðara að fá slíka gistingu á viðráðanlegu verði auk þess sem sífelldar frestanir gera liðum erfitt með að bóka gistingu langt fram í tímann. Sumir gististaðir fara auk þess fram á staðfestingargjald og/eða greiðslu nokkrum dögum fyrr og seinkomin frestur þýðir þá glataður peningur. Þessi aukni kostnaður þýðir meiri fjáröflun sem nóg er af fyrir og getur því miður leitt til þess að fæla iðkendur frá körfuknattleiksíþróttinni.

4. Óþarfa binding í íþróttahúsum

Tíðar frestanir á leikjum valda óþarfa hringlandahætti í íþróttahúsum sem flest eru yfirfull nú þegar. Verið er að taka frá leiktíma sem þarf síðan ekki að nýta, oft með mjög stuttum fyrirvara.

Þórir Guðmundsson, Vestri

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd telur mótahaldið ekki ráða við að fjölga þeim flokkum sem leika í fjölliðamótum. Eins og sakir standa, þá er það mikið og vandasamt verk að koma fjölliðamótum fyrir. Það hefur ekki alltaf gengið, og stöku riðlar hafa þá farið í heima og að heiman fyrirkomulag með auknu álagi og vinnu á aðildarfélögin. Sem dæmi má nefna að í 8. flokki á þessu tímabili þarf að finna 13 riðlum leikstaði í hverri umferð. Fjölliðamót 9. flokks tekur 16 klst í íþróttahúsi yfir heila helgi. Miðað við það verður vandséð hvernig mótum verður komið fyrir, þar sem mörg íþróttahús eru þétt setin nú þegar og vandasamt að koma fjölliðamótum 7. og 8. flokks fyrir, sem taka um 11 klst yfir helgi.

Mótanefnd bendir einnig á að með því að setja 9. flokk í fjölliðamót að þá fjölgi ferðum fyrir lið utan af landi, sem geta þá þurft að ferðast fimm sinnum yfir keppnistímabilið, oft um langan veg. Í deildarkeppni yngri flokka geta félög, hafi þau vilja til, parað saman þremur leikjum í ferð og farið í þrjár ferðir, en það er vissulega hverju félagi í sjálfsvald sett.

Varðandi frestanir leikja, þá á það við um stöku leiki. Í vetur hefur alls sjö (7) leikjum í 9. flokki drengja og stúlkna verið frestað af þeim 441 sem eru á dagskrá. Nauðsynlegt er að gera greinarmun annars vegar á frestunum leikja af hálfu

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



mótanefndar og hins vegar á færslu leikja sem eiga sér stað með samkomulagi félaga. Talsvert er um færslur leikja, langt umfram frestanir. Umræddar færslur eru eitthvað sem félögin geta hæglega stjórnað. Jafnframt má nefna að fresta hefur þurft fjölíðamótum í vetur með tilheyrandi vinnu fyrir þau félög sem að því koma.

Jafnframt má benda á að leikmönnum er gefið betra tækifæri til eðlilegrar endurheimtar sem og undirbúnings og fjarvera stöku leikmanna vegna veikinda, skólafría eða fjölskylduaðstæðna hefur ekki jafn mikil áhrif á úrslit leikja eins og er þegar leikið er í fjölíðamótsfyrirkomulagi. Jafnframt minnkar deildarkeppni hálfvallorðinna eða fullorðinna líkama þá meiðslahættu sem fylgir keppni. Mikið álag, sem myndast þegar leikið er í fjölíðamótsfyrirkomulagi, eykur meiðslahættu umtalsvert og setur þannig okkar efnilegustu íþróttamenn í talsverða og óþarfa hættu. Í þessu samhengi er bent á rannsókn frá Luke et al., 2011:

When scheduling youth sporting events, potential activity volume and intensity over any 48-hour period, recovery time between all training and competition bouts, and potential between-day sleep time (≥ 7 hours) should be considered to optimize safety. An overscheduling injury can be defined as an injury related to excessive planned physical activity without adequate time for rest and recovery, including between training sessions/competitions and consecutive days.

Sömuleiðis má benda á að þátttaka í fjölíðamóti þýðir alla jafna að leiknir eru fjórir leikir á um 26 klukkutímum. Miðað við þá þekkingu sem er til staðar, þá telst það ekki ráðlegt að leggja þetta mikið álag á þetta gamla iðkendum.

Jafnframt má benda á að bæði fótboldi og handbolti leika deildarkeppni á þessum aldri.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Lög KKÍ

8. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

[...]

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir vinna gegn lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnámálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum.

[...]

17. grein - Skipulag stjórnar KKÍ

Stjórn KKÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum. Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu innan stjórnar gildir atkvæði formanns tvöfalt.

[...]

25. gr. - Aga- og úrskurðarnefnd

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ, sem er fyrsta dómstig KKÍ, skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þremur mönnum. Skulu þeir kosnir á körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

[...]

28. gr. - Nánar um aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstól KKÍ

[...]

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KKÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KKÍ að reka málið fyrir nefndum innan KKÍ ~~en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.~~

[...]

29. gr. - Aðalfundir aðildarfélaga

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Aðildarfélög KKÍ skulu tilkynna skrifstofu KKÍ tímasetningu aðalfundar, sé hann haldinn, með minnst viku fyrirvara. Einnig skulu ársskýrsla og fundargerð aðalfundar send skrifstofu KKÍ.

Þegar mynduð er ný stjórn skal senda þær breytingar til KKÍ í síðasta lagi tveimeinni vikum eftir að stjórn er mynduð.

Greinargerð:

Hér er verið að laga og gæta samræmis milli 8. og 29. gr. Laga KKÍ. Í 8. gr., sem fjallar um réttindi og skyldur aðildarféлага „Aðildarfélag skal senda KKÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því að breyting á sér stað.“ Til að gæta samræmis er sambærilegur texti í 29. grein lagaður.

Breytingar á greinum 8, 17, 25 og 28 eru lagðar fram samkvæmt athugasemdum stjórnar ÍSÍ. Erindi ÍSÍ má sjá á næstu blaðsíðu. Þar sem lögum KKÍ er einungis hægt að breyta á Körfuknattleiksþingi er þetta lagt fram á þessu þingi.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Körfuknattleikssamband Íslands
Hannes S. Jónsson, formaður

Reykjavík, 13. október 2021

Varðar: Breytingar á lögum KKÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur tekið fyrir ný lög KKÍ, sem samþykkt voru í heild sinni á ársþingi sambandsins í vor.
Eftirfarandi athugasemdir/ábendingar voru gerðar:

8. grein

Of íþyngjandi orðalag er notað varðandi lyfjamisnotkun. Eðlilegra væri að nota orðalagið vinna gegn lyfjamisnotkun.

17. grein

Fjöldi stjórnarmanna er jöfn tala. Við slíkar aðstæður er gott að setja inn ákvæði um að atkvæði formanns gildi tvöfalt ef atkvæði falla jöfn við ákvarðanatöku.

25. grein

Gott væri að fram kæmi í greininni að aga- og úrskurðarnefnd sé fyrsta dómstig innan KKÍ.


28. grein

Ekki er hægt að banna einstaklingi að leita réttar síns hjá almennum dómstólum.

Bent er á að finna má tvítekingar á málsgreinum í grein 8 og grein 29 og eins í grein 15 og 18.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti lög sambandsins í heild sinni, með ofangreindum athugasemdum og ábendingum.

Með kveðju,
ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Halla Kjartansdóttir
skrifstofustjóri



Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 18

Þingsályktun – Reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

Körfuknattleiksþing 2023 samþykkir að beina því til stjórnar KKÍ að breyta þeim viðurlögum í úrvals- og 1. deildum karla og kvenna sem birtast í reglugerð aga- og úrskurðarnefndar. Þannig kæmu sektarákvæði almennt í stað áminninga og leikbanna, nema í þeim tilfellum þar sem aga- og úrskurðarnefnd myndi úrskurða minnst þriggja (3) leikja bann eða meira, en þar yrði leikbönum áfram beitt ásamt viðeigandi sektum. Umræddum breytingum skal vera lokið fyrir 30. maí 2023.

Greinargerð:

Það þekkist víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við að leikmenn og þjálfarar séu sektaðir fyrir vægari agaviðurlög í efstu deildum. Þannig færu leikmenn ekki í bann fyrir fyrir tvær tæknivillur, tvær óíþróttamannslegar villur eða eina tæknivillu og eina brottrekstrarvillu, eins og þekkist í dag. Í staðinn yrðu leikmenn sektaðir. Það sama myndi gilda um vægari brottrekstrarvillur skv. a), b) og c) liðum 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Áfram yrði leikbönum beitt þegar d) og f) liðir reglugerðarinnar eiga við.

Með þessum hætti munu leikmenn spila í stað þess að fara í leikbann fyrir stök eða endurtekin minniháttar brot. Sektarákvæði sem þessi væri hægt að setja inn í samninga leikmanna og þjálfara.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Reglugerð um körfuknattleiksmót

15. grein

ERLENDIR LEIKMENN

~~Í úrvalsdeild karla og kvenna í tveimur efstu deildum karla og kvenna gildir eftirfarandi:~~

- ~~• Á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis.~~
- ~~• Á leikvelli hverju sinni mega mest vera tveir Bosman A leikmenn með erlent vegabréf í hvoru liði, eða mest þrír ef enginn leikmaður utan EES er á leikvelli innan liðs.~~

~~Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og í úrvalsdeild tveimur efstu deildum karla og kvenna.~~

~~Í öðrum deildum meistaraflokka gildir að á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis.~~

~~Erlendur ríkisborgari sem hefur búið á Íslandi samfelld í þrjú ár telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ þar um. Staðfestingu KKÍ þarf til þess að leikmaður teljist með íslenskum ríkisborgurum. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í mótum á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mót/leikir á vegum KKÍ), nema að fenginni undanþágu stjórnar KKÍ.~~

~~Erlendum ríkisborgara er heimilt að sækja um undanþágu varðandi þriggja ára fasta búsetu til stjórnar KKÍ telji hann sig hafa fyrir því haldbær rök að hann sé búinn að skapa sér heimili til framtíðar á landinu.~~

~~Brjóti félag gegn grein þessari telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.~~

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Greinargerð:

Í upphafi árs 2022 var skipuð vinnunefnd stjórnar KKÍ til að skoða hvort breytinga væri þörf á grein 15 í reglugerð um körfuknattleiksmót, og skildi hún skila tillögu fyrir þing sem haldið yrði að vori 2023.

Vinnunefndin hóf samtalið við liðin í efstu tveimur deildum karla og kvenna til að kanna hug félaganna til þessarar reglugerðar og greina út frá þeim samtölum hvort gera ætti breytingar.

Framlögð tillaga um breytingu á reglugerðinni er afrakstur þessarar vinnu. Það er mat nefndarinnar, eftir að hafa kynnt ítrustu samantekt á formannafundi og samtölum eftir það, að reglugerðin taki þeim breytingum frá gildandi reglugerð að fellt sé úr gildi það sem snýr að 3ja ára reglunni, hún alfarið tekin út. Eins er gerð sú breyting að sömu reglur gildi í efstu tveimur deildum karla og kvenna.

Vinnunefnd stjórnar KKÍ um málefni erlendra leikmanna

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 20

Afreksstefna KKÍ 2023-2027

Hlutverk KKÍ

Hlutverk KKÍ er að auka áhuga og þátttöku á körfuknattleiksíþróttinni með því að halda úti öflugum afreksstarfi frá 14 ára aldri. Ein leið til að auka áhuga og þátttöku er að senda sem flest landslið KKÍ í Norðurlandamót og Evrópukeppnir á hverju ári og er það því bæði markmið og skylda sambandsins að auka þátttöku landsliða á erlendum vettvangi. Með því er verið að búa til fyrirmyndir sem stuðla að frekari þátttöku í íþróttinni. KKÍ stuðlar þannig að því að körfuknattleiksíþróttin eignist sem flesta atvinnumenn, sem er nauðsynlegt til að hámarka árangur í elstu aldursflokkunum á alþjóðavettvangi.

Afreksnefnd

Afreksnefnd er ráðgefandi til stjórnar KKÍ og tekur á öllu þáttum í afreksmálum sambandsins eins og um ráðningar landsliðsþjálfara, val á alþjóðalegum verkefnum landsliðanna, afreksáætlun og fleira.

Formaður afreksnefndar ásamt tveim nefndarmönnum koma úr stjórn sambandsins en fjórir meðstjórnendur eru skipaðir af stjórn að loknu körfuknattleiksþingi, sem haldið er á tveggja ára fresti. Stefna stjórnar er að velja aðila í Afreksnefnd sem eru fyrrverandi afreksfólk, þjálfarar og/eða einstaklingar með mikla reynslu í stjórn afreksmála. Formaður KKÍ og afreksstjóri sitja einnig fundi Afreksnefndar sem haldnir eru alla jafna einu sinni í mánuði allt árið um kring. Afreksnefnd leggur áherslu á að fræðsla til þjálfara sé aukin. Skilyrði fyrir því að hægt sé að auka árangur í afreksstarfinu er góð og markviss þjálfun barna og unglinga.

Stjórn KKÍ ræður yfirþjálfara yngri landsliða að tillögu Afreksnefndar. Yfirþjálfari yngri landsliða er faglegur ráðgjafi Afreksnefndar og annast samskipti við þjálfara yngri landsliða varðandi m.a. skipulag æfinga, æfingamagn, val á leikmönnum og skipulag liða, jafnt innan vallar sem utan. Yfirþjálfari hefur jafnframt eftirlit með því að þjálfarar framfylgi áherslum Afreksnefndar hverju sinni.

KKÍ skilgreinir alla iðkendur sem valdir eru til æfinga með landsliðum sambandsins sem afreksíþróttafólk.

Afreksnefnd stendur fyrir eftirfarandi verkefnum:

Vísað til:	<input type="checkbox"/> Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/> Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/> Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt:	<input type="checkbox"/> Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/> Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/> Felld



Undirbúningsferli (ekki innan afreksstarfs)

Úrvals búðir fyrir 11 til 13 ára haldnar tvisvar á ári þar sem iðkendur eru tilnefndir af þjálfurum sinna félaga.

Afreksbúðir 14 ára

Afreksbúðir fyrir 14 ára haldnar tvisvar á ári þar sem framúrskarandi 50-60 iðkendur eru valdir til þátttöku af landsliðsþjálfurum KKÍ.

15 ára landslið stúlkna og drengja (U15)

Fyrsta stigið í uppeldi landsliðsfólks. Hér fær efnilegt ungt íþróttafólk innsýn í hvernig það er að vera þátttakandi í landsliði KKÍ. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu, menntun og reynslu í þjálfun barna og unglunga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. U15 ára landslið hafa síðastliðin ár farið á alþjóðlegt mót í Kaupmannahöfn en árið 2022 var ákveðið að breyta til og taka þátt í æfinga- og keppnisbúðum með Finnlandi í Kisakallio. Ísland og Finnland munu leggja þar stund á æfingar í bland við alvöru landsleiki á milli þjóðanna. Í Kisakallio er frábær íþróttastaða en þar hefur Norðurlandamót U16 og U18 ára landsliðanna verið haldin undanfarin ár og því mjög góður fyrsti keppnisvettvangur fyrir landsliðin okkar.

16 ára landslið stúlkna og drengja (U16)

Þessi lið hafa farið árlega á Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni yngri landsliða á vegum FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu, menntun og reynslu í þjálfun barna og unglunga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla á að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar- og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta þar sem agi og faglegheit eru sambærileg og hjá eldri landsliðum.

18 ára landslið stúlkna og drengja (U18)

Þessi lið hafa farið árlega á Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni yngri landsliða á vegum FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu, menntun og reynslu í þjálfun barna og unglunga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla á að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar- og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta þar sem agi og faglegheit eru sambærileg og hjá eldri landsliðum.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



20 ára landslið kvenna og karla (U20)

Undirbúningur fyrir síðasta stig afreksstarfsins. Lögð er áhersla á sambærilega umgjörð og hjá A-landsliðum. Aðalþjálfari liðanna skal vinna í samstarfi við þjálfarateymi A-landsliða og leggja áhersla á að hafa sömu áherslur í varnar- og sóknarleik þannig að auðvelt sé fyrir leikmenn að stíga næsta skrefið sem er þátttaka í A-landsliðsstarfi KKÍ.

A-landslið kvenna og karla

Síðasta stig afreksstarfsins. Hér er lögð áhersla á að hámarka árangur. Markmiðið er að velja besta liðið hverju sinni og senda bæði liðin í sem flest mót, heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandamót.

Þjálfaramál

Þjálfarar á vegum landsliða KKÍ þurfa að búa yfir menntun frá menntakerfi KKÍ til að geta starfað á vegum KKÍ. Miklar kröfur er gerðar til þeirra þjálfara sem veljast til starfa fyrir KKÍ enda fylgir því mikil ábyrgð að vinna með ungu og efnilegu afreksfólki.

Dómaramál

Stefnt er að því að KKÍ eigi sex (6) starfandi alþjóðlega dómara, þrjá (3) eftirlitsmenn og tvo (2) leiðbeindur hverju sinni og tiltæka í verkefni á vegum FIBA.

Fjármögnun

KKÍ nýtur styrkja frá afrekssjóði ÍSÍ eins og önnur sérsambönd sem halda úti afreksstarfi á Íslandi. Fer upphæðin eftir stærð sjóðsins, umfangi verkefna og fjölda umsókna í sjóðinn. FIBA Europe styrkir yngri landslið vegna þátttöku í Evrópukeppnum. Því miður þurfa þátttakendur yngri landsliða enn þá að greiða hluta kostnaðar vegna þátttöku í erlendum verkefnum. Einnig hefur KKÍ markvisst unnið að því að fjölga styrktaraðilum sambandsins. Langtímastefnan er að landsliðin verð sjálfbær með styrkjum frá afrekssjóði ÍSÍ, FIBA, FIBA Europe og innlendum styrktaraðilum.

Aðstaða landsliða

Eitt helsta vandamál afreksstarfsins og kostar KKÍ mikla vinnu er að finna æfingatíma fyrir landsliðin. Leitað er til íþróttafélaga, bæjarfélaga og héraðssambanda um aðstöðu. Heimaleikir A-landsliðs kvenna og karla fara að öllu jöfnu fram í Laugardalshöll en það er því miður ekki hægt að slá því föstu að aðstaðan í Laugardalshöll sé til taks vegna annarrar starfsemi sem þar fer fram.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Fagteymi

KKÍ hefur samið við Atlas endurhæfingu um umsjón með sjúkráþjálfun og íþróttalækningum landsliða sambandsins. Fjöldi fagteymisstarfsfólks sem ferðast með landsliðunum fer eftir stærð verkefna. Atlas endurhæfing hefur milligöngu um aðgang að sérfræðingum í íþróttalækningum sem hægt er að senda landsliðsfólkið til ef meiðsli eru alvarleg eða þrálát. Sjúkráþjálfari er til staðar á öllum æfingum A-landsliða kvenna og karla. KKÍ hefur notað sálfræðiteymi ÍSÍ þegar þess er þörf. Unnið hefur verið með fræðasamfélaginu að því að auka almenna fræðslu til alls landsliðsfólks eins og næringarráðgjöf, styrktar- og hugaráþjálfun. Einnig hefur aðgengi að Samskiptastjóra íþróttar- og æskulýðsstarfs aukið fagmennsku í starfinu en markmið Samskiptastjóra er að auka öryggi í íþróttar- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna.

Framtíðarsýn

Helsta verkefnið er að tryggja fjármögnun til lengri tíma. Framtíðarstefnan er að foreldrar yngri landsliðsfólks þurfi ekki að leggja fram fjármagn vegna þátttöku í afreksstarfi KKÍ. Því miður er það staðreynd að sambandið þarf að treysta því að foreldrar séu reiðubúnir að taka þátt í kostnaði. KKÍ hvetur til uppbyggingar afreksmiðstöðvar í Laugardal þar sem aðstaða verður til æfinga og keppni fyrir öll landslið. Markmiðið er að öll landslið KKÍ taki þátt í Norðurlanda- og Evrópumótum ásamt því að A-landsliðin taki þátt í Norðurlandamótum og undankeppnum fyrir Evrópu- og heimsmeistaramót. KKÍ stefnir að því að halda áfram að leggja áherslu á fræðslu til síns afreksfólks bæði á sviði andlegrar og líkamlegrar þjálfunar. Markmið KKÍ er að dreifa þeirri þekkingu sem afreksfólkið okkar kynnist í gegnum afreksstarfið til aðildarfélaga meðal annars. í gegnum leikmenn, þjálfara og aðstandendur.

Árangur á Evrópu- og heimsmeistaramótum sker úr um það hvort liðin komast á Ólympíuleika. Stefnt skal að því að komast á lokamót Evrópukeppninnar með A-landslið kvenna 2027 og aftur með A-landslið karla 2025.

Hlutverk og meginstefna KKÍ er að fjölga iðkendum sem iðka körfuknattleik með góðri samvinnu allra aðildarfélaga KKÍ.

Afreksstefna þessi gildir fram að næsta Körfuknattleikspingi vorið 2025.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



Þingskjal nr. 21

Fjárhagsáætlun KKÍ

Rekstrarreikningur 2023

Tekjur:

1. Framlög og styrkir	53.975.000
2. Tekjur af mótum	22.400.000
3. Auglýsingatekjur	62.000.000
4. Afreksstarf	97.620.000
5. Fræðslustarf	1.500.000
6. Aðrar tekjur	68.600.000

Samtals tekjur: **306.095.000**

Gjöld:

7. Yfirstjórn	80.540.000
8. Afreksstarf	134.115.000
9. Kostnaður vegna móta	23.100.000
10. Fræðslustarf	5.500.000
11. Rekstur mannvirkja	2.880.000
12. Önnur gjöld	59.500.000
13. Fjármagnsliðir	0

Samtals gjöld: **305.635.000**

Hagnaður (tap)

460.000

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld